AUGLÝSING

um gildistöku samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.

Með skírskotun til auglýsingar nr. 18/1973 er almenningi hér með gert kunnugt, að hinn 17. apríl 1974 gekk í gildi samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. maí 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 8. 13. maí 1974.

AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Botswana.

Með erindaskiptum í London hinn 15. desember 1972 og 26. apríl 1974 var gengið frá gagnkvæmu samkomulagi milli Íslands og Botswana um afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn miðað við allt að þriggja mánaða dvöl.

Samkomulagið gekk í gildi hinn 1. maí 1974.

Erindaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. maí 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

15th December 1972.

Your Excellency,

I have the honour to inform you that with a view to facilitating travelling between Iceland and Botswana the Government of Iceland is prepared to conclude with the Government of Botswana an Agreement on the following terms:

1. Icelandic citizens holding valid Icelandic passports shall be free to enter Botswana at any authorised border-crossing and stay in that country for a period of up to three months without being required to obtain a visa.
2. Citizens of Botswana holding valid Botswana passports shall be free to enter Iceland at any authorised border-crossing place and stay in that country for a period of up to three monts without being required to obtain a visa. This